

Flogaveiki og meðganga



Hvað er flogaveiki?

Við flogaveiki verður truflun á samspili taugafrumna í heila sem veldur flogaveikikasti. Það er mismunandi hvernig flogaveikiköst lýsa sér en nánari umfjöllun má finna á heimasíðu LAUF – félags flogaveikra, lauf.is

Fyrir þungun

Ef þú ert að velta fyrir þér barneignum er gott að ræða það við lækni eða ljósmóður. Þá er hægt að fara yfir lyfin sem þú tekur og skoða hvort þurfi að skipta um lyf. Ef þú ert á flogaveikilyfjum er mælt með að þú takir fólinsýru 5 mg á dag í 3 mánuði fyrir þungun til að minnka líkur á göllum á miðtaugakerfi fósturs.

Meðgangan

Pegar þú uppgötvar þungun er best að þú hafir samband við ljósmóður eða lækni á þinni heilsugæslustöð til að fá ráðleggingar um lyfjameðferð og byrjir að taka fólinsýru 5 mg á dag sem ráðlagt er fyrstu 3 mánuði meðgöngunnar. Oftast heldur þú áfram að taka flogaveikilyfin sem þú ert á en í sumum tilvikum þarf að breyta skömmtum. EKKI hætta að taka lyfin sem þú ert á nema í samráði við lækni. Ef þú tekur lyf vegna flogaveikinnar er mælt með að þú sért í mæðravernd á göngudeild mæðraverndar á Landspítala eða fáir a.m.k. ráðgjöf fæðingalæknis.

Það er erfitt að segja til um áhrif meðgöngu á flogaveiki. Hjá sumum konum verður engin breyting, sumum batnar aðeins en hjá sumum geta flog/krampar aukist.

Fæðingin

Fæðingin gengur í flestum tilvikum eðlilega fyrir sig og þú getur valið þá verkjameðferð sem þér hentar. Það er ekki algengt að konur fái flogakast í fæðingu (1-2%) en ef það gerist er hægt að gefa þér lyf í æð. Því er mælt er með að þú fæðir á sjúkrahúsi. Ef þú hefur fengið flogakast á seinni hluta meðgöngunnar er ráðlegt að ræða við fæðingalækni um fæðingarmáta.

Eftir fæðingu

Ef lyfjabreytingar voru gerðar á meðgöngunni, er líklegt að þú farir aftur á þann skammt sem þú varst á fyrir þungun. Hætta á flogum/krömpum eftir fæðingu er lítil (1-2%) en þó er mælt með að þú dveljir á sængurlegudeild í a.m.k. sólarhring. Ef aukning varð á flogum/krömpum á meðgöngu eða í fæðingu er mælt með að þú dveljir á sængurlegudeild í nokkra daga.

Brjóstgjöf

Í flestum tilvikum hvetjum við móður til að hafa barnið á brjósti þrátt fyrir lyfjagjöf vegna flogaveikinnar. Best er að þú ræðir það við lækni eða ljósmóður á meðgöngunni.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símunum, tölum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyrið um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
KVENNA- OG BARNASVIÐ
MARS 2019
LSH-2114

ÁBYRGÐARMENN:
YFIRLÆKNIR OG YFIRLJÓSMÆÐUR
FÆÐINGARÞJÓNUSTU Á LANDSPÍTALA

HÖNNUN:
SAMSKIPTAÐEILD